

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ
ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 2002 [\(2001\)](#)

Almennt:

Mikil aukning er á þjónustu við fjarnema í héraðinu sem og meiri þjónusta við nýbúa. Safnið hefur keypt töluvert af ritum á tælensku og pólsku og fyrir liggur að kaupa rit á öðrum tungumálum. Skrár útlánadeildar safnsins hafa verið á internetinu undanfarin 5 ár og boðið er upp á aðgang að öðrum innlendum gagnasöfnum sem tiltæk eru, og erlendum í samvinnu við önnur söfn - höfuðáhersla er lögð á netaðgengi að gagnasöfnum sem nýtast öllu fjarnámi.

Mikil vandræði eru oft á safninu vegna plássleysis fyrir almenning sem nýtir sér netið, sérstaklega er þetta bagalegt þegar fjarnemar eru annars vegar, en þeim fer mjög fjölgandi. Nú eru aðeins 3 vélar tengdar netinu fyrir almenning en þyrftu að vera helmingi fleiri a.m.k.

Afar slæmt er að ekki skuli hafa tekist að ljúka við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins eins og áætlað var. Ekki þarf að undirstrika nauðsyn þess að sem flestir hafi góða aðstöðu til að nýta sér netið og ekki síður að hafa aðgang að leiðbeinendum fyrstu skrefin í notkun stafrænna gagnasafna upplýsingasamfélagsins. Óheyrileg þrengsli í aðalsafninu í sundhallarbyggingunni koma í veg fyrir að hægt sé að byggja upp þessa þjónustu.

Bókasafnið sér um rekstur námsgagnasafns fyrir Vestfirði og gerður hefur verið samningur við Námsgagnastofnum um afhendingu alls efnis sem stofnunin gefur út.

YFIRLIT:

BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk safna/lestrarfélaga á Hrafseyri, Höfða í Dýrafirði, Ástúni á Ingjaldssandi og Holti í Önundarfirði. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurhreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestarfélag Ísafirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Safnið starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins Ísafirði voru 28.325 (25.793) en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ voru um 3.000 (4.500). Samtals voru útlánin 31.325 (30.293) á árinu, sem er heldur meira en árið áður.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir voru svipaðar og áður, um 2.000 og upplýsingabeirni um 9.000 á árinu í aðalsafni.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 20.000 gestir hafi komið í bókasafnið á Ísafirði á árinu.

SKRÁNING:

Á bókasafninu er nú unnið að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd,

hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu, bæði fyrirverandi hreppssafna og safna í skólum og stofnunum. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC: <http://bokasafn.isafjordur.is/mikromarc/main.idc>

SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var 789 b. (808 b.) og er safnkosturinn nú um 76.000 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 5.000 bindi, alls er safnkosturinn því um 81.000 b. Bókakostur hreppssafnanna sem sameinuðust er um 31.000 þannig að heildarsafnkosturinn er um 112.000 bindi.

GAGNABANKAR:

Bókasafnið á Ísafirði hafði aðgang að öllum bókasöfn landsins sem veita netaðgang að skrá, og erlendum gagnabönkum á netinu. Safnið er í samstarfi við ýms söfn og menntamálaráðuneytið til að opna fleiri gagnasöfn fyrir almenning og þá sérstaklega fjarnema. Safnið hefur aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins. Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu (3 vélar).

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Þá var unnið var að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju í geymslum í Gamla sjúkrahúsinu eftir því sem hægt var vegna framkvæmda. Árið 2002 bárust safninu 16 afhendingar. Fyrirspurnir voru 36 talsins og alls voru 4 einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2002 voru færslur í aðfangabók 3624 (3608). Safnið hefur verið í samvinnu við bæjarskrifstofunnar v/ meðferð skjala og skipulag í skjalageymslum bæjarins, m.a. uppsetning og tilsjón með GoPro skjalavistunarkerfis.

LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Stöðugt vaxandi annir eru við afgreiðslu myndasafninu. Safninu bárust upb 50 fyrirspurnir. Nokkurt magn ljósmynda var afhent safninu á árinu auk 8mm filma. Í ljósmyndadeild safnsins eru nú nálgægt 120.000 filmur og ljósmyndir.

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

Unnið hefur verið að 2. áfanga við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins og vonir standa til að klárað verði við lokaáfangann fyrri hluta árs 2003. Í áætlunum um endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er gert ráð fyrir að húsið haldi sinni [upprunalegu mynd](#) eftir því sem mögulegt er. Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingarinnar er um 110-120 milljónir kr. Reiknað er með að ríkissjóður muni styrkja uppbygginguna enda hafa ráðamenn þar á bæ sett fram hugmyndir um eflingu menningarstarfsemi og bygginga á landsbyggðinni (til mótvægis við margra milljarðar tónleikahöll sem byggð verður vonandi fljótlega í Reykjavík).

STJÓRN:

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

Í [Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar](#) eiga nú sæti:

Inga Ólafsdóttir formaður, Hafnarstræti 7 Ísafirði
Sigurborg Þorkelsdóttir Fagraholti 7 Ísafirði
Hansína Einarsdóttir, Eyrargötu 3 Ísafirði

24. okt. 2003

Jóhann Hinriksson
